

Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarskrifstofum
Garðatorgi 7,
210 Garðabær

Garðabæ, 16. mars 2015
Málsnúmer, 1501422


Efni: Þjónustukort fyrir eldri borgara

Á fundi fjölskylduráðs Garðabæjar dags. 12.3. 2015 er Tekið er fyrir mál nr. 1501422 - þjónustukort fyrir eldri borgara. Bæjarráð Garðabæjar vísaði til umfjöllunar í fjölskylduráði tillögu Fólksins í bænum um að eldri borgurum verði boðið upp á sérstök þjónustukort og að þjónusta við eldri borgara verði eflað og samræmd.

Fjölskylduráð fjallar um erindið. Fjölskylduráð tekur undir það að mikilvægt er að efla og samræma þjónustu við eldri borgara eftir því sem kostur er og leggur í því sambandi áherslu á að sem mest af þjónustu og upplýsingum um þjónustu við eldri borgara verði aðgengilegar í þjónustumiðstöð í Ísafold og í Jónshúsi.

Fjölskylduráð leggur til að tillaga um þjónustukort fyrir eldri borgara verði skoðuð samhliða endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum eldri borgara.

Virðingarfyllt,
f.h. fjölskylduráðs Garðabæjar


Bergljót Sigurbjörnsdóttir
félagsmálastjóri